

**LÖG**  
**um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007,**  
**með síðari breytingum (leiðrétting).**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „elli- og örorkulífeyri skv. 17. og 18. gr. og ráðstöfunarfé skv. 48. og 56. gr.“ í 3. mgr. kemur: örorkulífeyri skv. 18. gr.
- b. Í stað orðanna „tekjutryggingu skv. 22. gr.“ í 4. mgr. kemur: ellilífeyri skv. 17. gr., tekjutryggingu skv. 22. gr. og ráðstöfunarfé skv. 48. og 56. gr.

2. gr.

Í stað orðanna „3. mgr.“ í 2. másl. 8. mgr. 48. gr. laganna kemur: 4. mgr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda um þá sem höfðu öðlast rétt til ellilífeyris, sbr. 17. gr., eða ráðstöfunarfjár, sbr. 8. mgr. 48. gr. og 1. mgr. 56. gr. laga um almannatryggingar, 1. janúar 2017 og síðar.

*Gjört í Reykjavík, 28. febrúar 2017.*

**Guðni Th. Jóhannesson.**  
(L. S.)

---

*Þorsteinn Víglundsson.*